

**Nd. 47. Frumvarp til laga [45. mál]**

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

---

1. gr.

21. grein laganna orðist svo:

Þeir menn sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

2. gr.

22. grein laganna orðist svo:

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem þeir öflðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

3. gr.

23. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem skattskyldar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 40/1978.

Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1., 2. og 4. tl. B-liðar og 3. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978.

Hafi maður tekjur af útleigu eigna, sbr. 1. og 2. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, skal draga frá þeim tekjum við ákvörðun útsvars útgjöld samkvæmt 1.–4. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978 vegna öflunar þeirra tekna, þó ekki vaxtagjöld.

Frá útsvarsskyldum tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 40/1978 skal draga gjöld þau sem talin eru í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur skal draga frá útsvarsskyldum tekjum elli- og örorkulífeyri samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Þá skal lækka stofn til útsvars um sömu fjárhæð og skattstjóri veitir til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 66. gr. laga nr. 40/1978.

Við ákvörðun stofns til útsvars samkvæmt þessari grein gilda reglur 62.–65. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

24. grein laganna orðist svo:

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIII. kafla laga nr. 40/1978 gilda um útsvar, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

5. gr.

25. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 40/1978 skal vera 3% af útsvarsstofni og skal barn ekki njóta lækkunar skv. 26. gr., samanber þó 7–9 mgr. þeirrar greinar.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína, eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

6. gr.

26. grein laganna orðist svo:

Hjá þeim mönnum sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið skal við álagningu lækka útsvarið um 35.000 kr.

Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem var heimilisfast hjá framfærenda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar hans um 7.000 kr. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða, skal útsvar framfærenda lækkað að auki um 7.000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Lækkun útsvars vegna barna skal skipt á milli framfærenda eftir reglum 4. og 5. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.

Þegar um hjón er að ræða og lækkun skv. 1.–3. mgr. nemur samtals hærri fjárhæð hjá öðru þeirra en álagt útsvar þess þá skal sá hluti lækkunar sem umfram er bætast við lækkun hjá hinu.

Hjá mönnum sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 22. gr. og dveljast hér á landi hluta úr ári skulu ofangreindar fjárhæðir miðast við hlutfallslegan dvalartíma þeirra og barna þeirra hér á landi. Dvalartíma skal telja í heilum mánuðum og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra manna sem um ræðir í 2.–8. tl. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Fella skal niður útsvar sem nemur 10 000 kr. eða lægri fjárhæð.

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 116. gr. laga nr. 40/1978.

Útsvar skal lagt á í heilum þúsundum króna, þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

7. gr.

27. grein laganna orðist svo:

Að lokinni álagningu útsvara getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um umsókn manna um lækkun álagðra útsvara, þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978 fari þeir fram á frekari lækkun en skattstjóri veitti. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

8. gr.

28. grein laganna orðist svo:

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda viðkomandi sveitarstjórn.

9. gr.

29. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samning við fjármálaráðherra og forráðamenn annarra stofnana um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna sveitarfélagi, innheimtumanni ríkissjóðs eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur sveitarfélaga, innheimtumanns ríkissjóðs og stofnana vegna gjaldheimtu skulu færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Útsvar skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að útsvar skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning útsvara liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í útsvar fjárhæð, sem nema skal ákveðnum hundradshluta af því útsvari, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundradshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekju- og eignarskatts.

Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber fyrir álagningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum, sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

10. gr.

30. grein laganna orðist svo:

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 40/1978, skulu senda ótilkvaddir viðkomandi sveitarstjórn skrá um þá launþega sem þar eiga að greiða útsvar. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir að kaupí launþega til lúkningar útsvari þeirra. Skal í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

31. grein laganna orðist svo:

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafíð viðkomandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafíð gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

12. gr.

32. grein laganna orðist svo:

Hjón sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978, bera óskipta ábyrgð á greiðslu útsvars sem á þau er lagt og getur sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu þess. Rétt er því hjóna er útsvarsgreiðslur annast að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta útsvars er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur hvors hjóna.

Peir sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Erfingjar í dánarbúi sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á útsvarsgreiðslum hins látna.

Peir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslauslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Peir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilsfastir hér á landi gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur sem um er rætt í 3. gr. laga nr. 40/1978 bera ábyrgð á útsvari viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð bera á útsvari, til tryggingar því útsvari er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Sveitarstjórn er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, setji tryggingu fyrir væntanlegu útsvari sínu svo og fyrir útsvarsgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

### 13. gr.

36. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru eftirtaldir aðilar:

1. Peir sem um ræðir í 1.–4. tl. 4. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi sveitarfélög tekur undanþága þessi einungis til þeirrar starfsemi sem þau eða fyrirtæki þeirra stunda í eigin umdæmi. Heimilt er að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir sem um ræðir í c-lið 10. greinar með síðari breytingum.
2. Félög, sjóðir og stofnanir er um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1978, að því marki sem þau reka ekki atvinnu.
3. Olíufélög, sem greiða landsútsvar.
4. Íslenskir kirkjusjóðir.

Eftirtalin starfsemi er undanþegin aðstöðugjaldi:

Rekstur skóla, barnaheimila, sjúkrahúsa, elliheimila, orkuvera til almenningsþarfa, sláturhúsa, mjólkurbúa, banka og innlánsstofnana.

### 14. gr.

37. grein laganna orðist svo:

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Sama gildir hjá þeim sem hafa tekjur af útleigu eigna, sbr. 3. mgr. 23. gr.

Sá hluti rekstrarkostnaðar sem er umfram heildartekjur er undanþeginn aðstöðugjaldi.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins, er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en þeir sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

15. gr.

39. grein laganna orðist svo:

Um álagningu og innheimtu aðstöðugjalds gilda ákvæði 24., 28., 29., 32., 33. og 43. greinar eftir því sem við á.

Aðstöðugjald skal álagt í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

Fella skal niður aðstöðugjald sem nemur 20 000 kr. eða lægri fjárhæð.

16. gr.

40. grein laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn ef:

- a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, verktakastarfsemi eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 37. gr. skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans tilheyrir þeirri starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram.

17. gr.

2. mgr. 41. greinar laganna orðist svo:

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

18. gr.

42. grein laganna orðist svo:

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu og gjaldflokka ganga lengra en heimilað er eða brjóti á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal hann leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti, uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

19. gr.

43. grein laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, að þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarfélags. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

20. gr.

Í 46. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og maður sem útsvarsskyldur er hér á landi samkvæmt 22. gr. greiðir til opinberra aðila

í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn manns eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðlum hans.

#### 21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvars og aðstöðugjalds á árinu 1980 vegna tekna og gjalda á árinu 1979.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga ásamt síðari breytingum og gefa út lögín svo breytt.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Komi í ljós á skattframtali fyrir tekjuárið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir sem um ræðir í 78. gr. laga nr. 40/1978 eða tekjur af þeim, sem skattfrjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagt útsvar vegna fyrri ára á hinar óframtöldu tekjur af eignum þessum, enda hafi þær myndast fyrir ársbyrjun 1978.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Vorið 1978 voru samþykkt ný lög um tekjuskatt og eignarskatt. Lögin eru nr. 40/1978 og gengu þau í gildi 1. janúar 1979. Koma þau til framkvæmda við álagningu árið 1980 á tekjur ársins 1979 og eignir í árslok 1979. Með lögnum voru eldri tekjuskattslög afnumin.

Tilgangur frumvarps þessa er sá að aðlaga ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga hinum nýju tekjuskattslögum, bæði að því er varðar hverjir eru útsvarsskyldir aðilar og hvaða tekjur myndi stofn til útsvars. Þá eru gerðar nokkrar efnis- og orðalagsbreytingar á gildandi ákvæðum um aðstöðugjald. Efnisbreytingarnar eru m. a. gerðar til að tryggja það, að aðstöðugjaldið verði lagt á sömu aðila og á sama stofn eins og verið hefur, þrátt fyrir þær breytingar sem kunna að leiða af gildistöku laga nr. 40/1978. Sú breyting verður þó, að endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr. þeirra laga verður nýr þáttur í aðstöðugjaldsstofninum. Jafnframt eru gerðar breytingar á nokkrum framkvæmdarreglum núgildandi laga.

M. a. verður sú breyting, að hvort hjóna um sig verður sjálfstæður útsvarskyldur aðili. Sama regla gildir um sambýlisfólk sem fullnægir þeim sömu skilyrðum og fullnæja þarf til að sambýlisfólk teljist sjálfstæðir tekjuskattsskyldir aðilar sem hjón. Börn innan 16 ára verða sjálfstæðir útsvarsskyldir aðilar af launatekjum sínum á sama hátt og til tekjuskatts.

Sú breyting verður frá fyrri lögum, að framtalsskyldar til útsvars verða allar tekjur skv. II. kafla laga nr. 40/1978. Eru þar með taldar ýmsar tekjur sem ekki teljast til útsvarsskyldra tekna samkvæmt gildandi lögum, en þær tekjur sem þannig er ástatt um eru leyfðar til frádráttar við ákvörðun útsvarsstofns, þannig að útsvarsskyldan þyngist ekki við þessa breytingu.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv. hér á eftir.

#### Um 1. grein:

Með þessari grein er lagt til að skylda til að greiða útsvar hvíli á sömu mönnum og skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978. Með þeim lögum voru ákvæði um skattskyldu gerð afdráttarlausari en áður.

#### Um 2. grein:

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um að útsvarsskyldur maður skuli greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem hann telst eiga lögheimili. Skiptir ekki máli hvar teknanna er aflað, sbr. þó 3. mgr.

2. mgr. tekur til þeirra sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim felst það m. a., að hvort hjóna um sig verður sjálfstæður útsvarsskyldur aðili og verður þeim reiknað útsvar hvoru í sínu lagi. Þá leiðir það einnig af

grein þessari, að barn innan 16 ára á tekjuárinu verður sjálfstæður útsvarsskyldur aðili vegna launatekna sinna. Aðrar tekjur þess teljast með útsvarsskyldum tekjum framfæranda. Er hér um að ræða sömu reglur og gilda um álagningu tekjuskatts.

3. mgr. fjallar um þá menn sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga. Er gert ráð fyrir að útsvar þessara manna renni til þess sveitarfélags, þar sem þeir hafa aflað mestra tekna á tekjuárinu, óháð dvalartíma í einstökum sveitarfélögum. Skiptir m. a. ekki máli í þessu sambandi hver dvalarstaður þessara manna er við brottflutning úr landi.

#### Um 3. grein:

1. mgr. er efnislega óbreytt frá ákvæðum 1. mgr. 23. gr. gildandi laga, þar sem sömu tekjur eru útsvarsskyldar og skattskyldar eru til tekjuskatts, þó með þeirri breytingu að nú telst reiknað endurgjald manna við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi til útsvarsskyldra tekna sem leiðir til þess að 4. mgr. 23. gr. gildandi laga er óþörf.

2. mgr. inniheldur sömu ákvæði um lækkun útsvarsstofns og gildandi lög að því frátöldu, að gert er ráð fyrir að skólafrádráttur, sem áður var veittur eftir sérstakri ákvörðun hvers sveitarfélags, skv. b-lið 27. gr., verði nú frádráttarbær til útsvars á sama hátt og til tekjuskatts.

3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða gildandi lögum að öðru leyti en því, að reiknað endurgjald manna við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi færast til frádráttar tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978 og jafnframt verða eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, þ. m. t. þau er myndast vegna reiknaðs endurgjalds leyfð til frádráttar tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þeirra, enda telst reiknað endurgjald sérstaklega til útsvarsskyldra tekna eins og áður greinir. Með hliðsjón af því er felld niður 4. mgr. 23. gr. gildandi laga.

5. mgr. felur í sér, að til frádráttar útsvarsskyldum tekjum færast ellilífeyrir og örorkulífeyrir sem greiddur er samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í gildandi lögum er heimildar-ákvæði í a-lið 27. gr. til handa sveitarstjórnnum að undanþiggja þennan lífeyri útsvarsálagningu. Nánast öll sveitarfélög hafa nýtt sér þessa heimild til fulls. Þykir eðlilegt að þessi tilhögun sé lögfest, enda horfir hún til einföldunar og samræmingar við álagningu útsvars. Í 7. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa sveitarstjórnnum til að lækka þegar álögð útsvör þeirra manna sem njóta annarra bóta skv. II. og IV. kafla um almannatryggingar og til að veita elli- og örorkulífeyrisþegum frekari lækkun álagðra útsvara með eða án umsóknar.

Í 6. mgr. er vísað til 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978 sem fjallar um heimildir skattstjóra til lækunar tekjuskattstofns manna, þegar þar tilgreindar aðstæður þeirra eru fyrir hendi. Sú grein er efnislega óbreytt og nær samhljóða eldri lögum. Í 6. mgr. er gert ráð fyrir þeirri tilhögun, að taki skattstjóri til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattstofns, skuli hann ávallt lækka stofn til útsvars hjá sama manni um sömu fjárhæð. Er hér um að ræða sömu tilhögun og almennt hefur ríkt í framkvæmd við álagningu útsvara og kemur í stað ákvæða c-liðar 27. gr. gildandi laga. Í 7. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa sveitarstjórnnum til að lækka þegar álögð útsvör þessara manna sem fara þess á leit.

Í 7. mgr. er kveðið á um að nota skuli sömu reglur við ákvörðun útsvarsstofns einstaklings, hvors hjóna um sig, barna og sambýlisfólks og notaðar eru við ákvörðun stofns til tekjuskatts hjá þeim.

#### Um 4. grein:

Hér er lagt til, að skattstjórar annast álagningu útsvara í öllum sveitarfélögum innan síns umdæmis. Ástæður fyrir þessari breytingu á 1. mgr. 24. gr. gildandi laga er sú, að í framkvæmd hafa skattstjórar annast álagningu útsvara fyrir langflest sveitarfélög í landinu. Við álagningu útsvara á árinu 1979 önnuðust 16 sveitarfélög álagninguna sjálf. Álagningin tók til 924 gjaldenda af 101 967 útsvarsgjaldendum í landinu. Heildarálagning útsvara 1979 nam kr.

33 541 784 400, þar af voru rúmar 180 millj. kr. álagðar af þessum 16 sveitarfélögum. Grein þessi hefur því óverulegar breytingar í för með sér.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá gildandi lögum.

#### Um 5. grein:

Í 1. mgr. er lagt til að hámarkshundraðshluti af útsvarsstofni verði 11% í stað 10% samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt verði felld niður heimild til að hækka þetta nýja hámark um 10%. Í reynd hafa öll mannflestu sveitarfélögin nýtt sér hækkunarheimild gildandi laga og því hefur útsvar í reynd verið 11% af útsvarsstofni hjá flestum gjaldendum. Í grein þessari eru ákvæði um hámark útsvarshundraðshluta og hefur sveitarstjórn eins og áður frjálssar hendur um það hve háan hundraðshluta hún ákveður að nota innan þessa hámarks.

Í 2. mgr. er ákveðinn fastur hundraðshluti af útsvarsskyldum tekjum barna er frá honum er sveitarstjórn eigi heimilt að víkja. Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að foreldrar eða framfærendur barna njóti lækkunar frá útsvari vegna barnanna en ekki börnin sjálf, og er því hundraðshlutinn settur lægri hjá börnum en hjá foreldrum eða framfærendum. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að útsvar undir 10 000 kr. falli niður, sbr. 7. mgr. 6. gr. frumvarpsins, og kemur því ekki til útsvarsálagningar á börn sem hafa óverulegar launatekjur.

3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að tímatakörk eru nú sett varðandi tilkynningar sveitarstjórna og er það gert vegna álagningar meðferðar skattstjóra.

#### Um 6. grein:

Grein þessi er nær efnislega óbreytt frá fyrri lögum að öðru leyti en því sem leiðir af 2. gr. frumvarps þessa og fjárhæðum er breytt.

#### Um 7. grein:

Í grein þessari er um að ræða heimild sveitarstjórnar til að lækka álögð útsvör í þeim tilvikum þar sem gjaldendur telja sig þurfa á að halda frekari lækkun en skattstjóri veitti skv. 6. mgr. 23. gr. Enn fremur veitir greinin sveitarstjórn heimild til að lækka án umsóknar útsvar þeirra sem nutu bóta skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Vegna þrengri tímamarka skattstjóra en áður við álagningar meðferð er óhægara um vik að gefa sveitarstjórn kost á að fjalla um framtöl hvers og eins áður en álagning fer fram.

#### Um 8. grein:

Grein þessi þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá gildandi lögum.

#### Um 9. grein:

1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. eru ákvæði um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda sem fram til þessa hafa verið í sérlögum, þ. e. lögum nr. 68/1962.

Í 3. mgr. er lagt til sem aðalregla, að gjalddagar verði 10 á ári, sem nú er heimildarákvæði í gildandi lögum en notuð af flest öllum sveitarfélögum. Til hagræðis fyrir minni sveitarfélög og gjaldendur þeirra er lagt til að þeim sé heimilt að ákveða gjalddagana einn eða tvo á ári.

Í 4. mgr. er lagt til að formi fyrirframinnheimtu verði breytt frá því sem nú er. Í stað þess að ákveða fyrirframgreiðslu í heild sem tiltekinn hundraðshluta álagðra gjalda síðasta árs og skipta þeirri fjárhæð á fimm gjalddaga, er gert ráð fyrir fyrirframgreiðslu á hverjum gjalddaga fram að álagningu.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

6. mgr. þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá gildandi lögum.



Um 10. grein:

Hér er kveðið á um skyldur launagreiðanda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna til greiðslu útsvars. Eru reglur þessar að ýmsu leyti skýrari en reglur núgildandi laga en ekki er um verulega efnisbreytingu að ræða.

Um 11. grein:

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. grein:

Greinin fjallar um ábyrgð á útsvarsgreiðslum í ýmsum tilvikum og er að mestu efnislega óbreytt frá ákvæðum í gildandi lögum. Í 1. málslíð 1. mgr. er lagt til að hjón beri ábyrgð á útsvari hvors annars og geti sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna til greiðslu á útsvörum þeirra beggja. Þykir ekki verða komist hjá sameiginlegri ábyrgð hjóna, þrátt fyrir takmarkaða sérsköttun. Eru ástæður þess bæði efnislegar og framkvæmdarlegar. Sérsköttun skv. lögum nr. 40/1978 er aðeins takmörkuð. Tekjur af eignum eru alltaf skattlagðar hjá því hjóna sem hærri hefur launatekjur eða skyldar tekjur án tillits til þess hvort hjóna á þær eignir er tekjurnar gefa. Slíkar tekjur geta því hæglega verið skattlagðar hjá því hjóna, sem ekki á eignirnar og væri það ótæk niðurstaða að sveitarstjórn geti ekki gengið að hinum raunverulega eiganda til greiðslu útsvars. Hið sama á við um aðstöðugjald án tillits til þess hvort hjóna stendur fyrir rekstrinum. Gagnkvæm ábyrgð hjóna ætti einnig að geta minnkað kostnað við innheimtu og einfaldað framkvæmd verulega.

Í 2. málslíð er kveðið á um rétt þess hjóna er útsvarsgreiðslu annast eða erfingja þess til endurgreiðslu úr hendi hins hjóna eða erfingja þess.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ábyrgð á útsvarsgreiðslum ólögráða manna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um ábyrgð á útsvarsgreiðslum erlendra aðila, en lög nr. 22/1956 voru felld úr gildi með lögum nr. 40/1978. Þar eru og ákvæði um ábyrgð á ýmsum greiðslum sem greiddar eru til aðila sem skattskyldir eru skv. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Í 6. mgr. er lagt til að sömu ákvæði um tryggingu útsvara gildi og varðar aðrar skattgreiðslur er fjármálaráðherra setur með reglugerð.

Um 13. grein:

Grein þessi er efnislega óbreytt frá gildandi lögum, en hún er orðuð skýrar. Þá er með greininni reynt að tryggja að aðstöðugjaldsskyldan hvíli á sömu aðilum og sömu starfsemi og gildi samkvæmt gildandi lögum. Þannig verða t. d. félög, sjóðir og stofnanir sem um var rætt í E líð 5. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt áfram undanþegin aðstöðugjaldsskyldu að því marki sem þau reka ekki atvinnu.

Um 14. grein:

Í grein þessari er orðað á skýrari og ótvíræðari hátt hver stofninn til aðstöðugjalds skuli vera. Til að auðvelda framtal til aðstöðugjalds og álagningu þess, er lagt til að aðstöðugjaldsskyldir aðilar geri sérstaka greinargerð fyrir stofninum. Þykir eðlilegt að ríkisskattstjóri ákveði form þessarar greinargerðar, þar sem skattyfirvöld annast álagningu gjaldsins og hafa eftirlit með því að stofninn sé rétt talinn fram. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 15. grein–18. grein:

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að með 16. gr. frumvarpsins er bætt verktakastarfsemi í a-lið 40. gr. gildandi laga.

Um 19. grein:

1. mgr. fjallar um skyldu gjaldenda til greiðslu dráttarvaxta.

Í 2. mgr. er fjallað um skyldu sveitarfélags til greiðslu á dráttarvöxtum ef gjaldandi hefur ofgreitt útsvar. Er kveðið á um að vextirnir skuli vera hinir sömu og ákveðnir eru af innistæðum í almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

Um 20. grein:

Grein þessi samsvarar ákvæðum 3. mgr. 112. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 21. grein:

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Grein þessi samsvarar bráðabirgðaákvæði VI í lögum nr. 40/1978.